

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005 frá 12. ágúst 2005, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2006, frá 9. desember 2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 592/2006 frá 12. apríl 2006, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2006, frá 23. september 2006, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ofangreindar reglugerðir Evrópusambandsins eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005, breytast ákvæði III. viðauka reglugerðar nr. 74/2002, um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar í samræmi við viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005.

4. gr.

Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 592/2006, breytast ákvæði A. hluta II. viðauka reglugerðar nr. 74/2002, um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar í samræmi við viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 592/2006.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. janúar 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1336/2005**

frá 12. ágúst 2005

um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91/EBE frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾, einkum öðrum undirlíð 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 392/2004⁽²⁾, nær gildissvið starfsemi rekstraraðila, sem fellur undir eftirlitskerfið sem kveðið er á um í 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, til allra rekstraraðila á öllum stigum framleiðslu, tilreiðslu og markaðssetningar.
- 2) Nauðsynlegt er að rýmka gildissvið almennu ákvæðanna, sem sett eru fram í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, til að þau taki á viðunandi hátt til allra flokka rekstraraðila sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar.

3) Rétt er að tengja tíðni slembskoðunar við hættuna á því að ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 séu ekki virt.

4) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2254/2004 (Stjótið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 20).

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi bætist við á eftir fyrirsögninni:

„Almenn ákvæði þessa viðauka gilda um alla rekstraraðila sem um getur í 1. mgr. 8. gr. að því marki sem ákvæðin tengjast þeirri starfsemi sem viðkomandi rekstraraðili annast.

Auk almennu ákvæðanna gilda sértæk ákvæði um þá rekstraraðila sem annast starfsemina sem um getur í fyrirsögn hvers undirþáttar.“

2. almennu ákvæðin breytist sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 3.-6. liðar:

„3. Fyrsta eftirlit

Þegar eftirlitskerfið er reynt í fyrsta sinn skal sá rekstraraðili, sem ber ábyrgð:

- lýsa einingunni og/eða athafnasvæðinu og/eða starfseminni á nákvæman hátt,
- tilgreina allar hagnýtar ráðstafanir sem gera skal innan einingarinnar og/eða athafnasvæðisins og/eða starfseminnar til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, einkum kröfum þessa viðauka,
- tilgreina þær varúðarráðstafanir sem skal gera til að draga úr hættu á mengun af völdum óleyfilegra afurða eða efna ásamt þeim hreinsunaraðgerðum sem grípa skal til á geymslustöðum og í öllu framleiðsluferli rekstraraðilans.

Eftir því sem við á geta lýsingin og ráðstafanirnar verið hluti gæðakerfis sem rekstraraðili kemur á fót.

Þessi lýsing skal ásamt tilheyrandi ráðstöfunum koma fram í yfirlýsingu, undirritaðri af rekstraraðilanum sem ber ábyrgð.

Einnig skal yfirlýsingin innihalda skuldbindingu rekstraraðilans þess efnis að:

- haga aðgerðum þannig að þær séu í samræmi við 5. gr., 6. gr., 6. gr. a, og, þegar það á við, 11. gr. þessarar reglugerðar og/eða reglugerðar (EB) nr. 223/2003,
- samþykka að ráðstöfunum, sem um getur í 9. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, og, þegar það á við, 3. mgr. 10. gr. hennar, sé beitt ef brot er framið eða ef um vanrækslu er að ræða, og
- samþykka að gera kaupendum vörunnar viðvart skriflega í því skyni að tryggja að merkingar, sem lúta að lífrænni framleiðsluáferð, séu fjarlægðar af vörinni.

Yfirlýsingin skal staðfest af skoðunaraðila eða yfirvaldi sem gefur út skýrslu þar sem bent er á hugsanlega annmarka og ósamræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Rekstraraðilinn skal meðárita skýrsluna og gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

4. Tilkynningar

Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal tilkynna eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í tæka tíð um allar breytingar á lýsingunni eða ráðstöfununum, sem um getur í 3. lið, og á ákvæðum um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka.

5. Skoðunarheimsóknir

Eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið skal annast fullkomið eftirlit með öllum rekstraraðilum a.m.k. einu sinni á ári. Eftirlitsaðilanum eða -yfirvaldinu er heimilt að taka prófsýni úr afurðum sem eru óleyfilegar samkvæmt þessari reglugerð eða til að athuga hvort framleiðslutækni samræmist þessari reglugerð. Einnig er heimilt að taka sýni og greina þau með tilliti til hugsanlegrar mengunar af völdum óleyfilegra afurða. Samt sem áður er skylt að framkvæma slíka greiningu þar sem grunur leikur á um notkun óleyfilegra afurða. Að hverri eftirlitsferð lokinni skal semja eftirlitsskýrslu sem ábyrgðarmaður einingarinnar eða fulltrúi hans meðáritar.

Þar að auki skal eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið fara í slembiskoðunarheimsóknir sem tilkynnt er um fyrirfram eða ekki og skulu þær byggðar á almennu mati á hættunni á því að þessi reglugerð og reglugerð (EB) nr. 223/2003 séu ekki virtar, þar sem er a.m.k. tekið tillit til niðurstaðna fyrra eftirlits, magns þeirra afurða sem um ræðir og hættunnar á afurðaskiptum.

6. Skriflegt bókhald

Geyma skal birgða- og fjárhagsbókhald í einingunni eða á athafnasvæðinu sem gerir rekstraraðila kleift að þekkja og eftirlitsaðila eða -yfirvaldi kleift að sannprófa:

- birgi og, þegar það er annar aðili, seljanda eða útflytjanda afurðanna,
- eðli og magn afurða sem um getur í 1. gr. og sendar hafa verið til einingarinnar og, þar sem það á við, allt efni sem keypt hefur verið og notkun þess, og, þar sem það á við, samsetningu fôðurblandnanna,
- eðli og magn afurðanna sem um getur í 1. gr. og hafðar eru í geymslu á athafnasvæðinu,
- eðli, magn og viðtakendur og, þegar það eru aðrir aðilar, kaupendur, aðrir en neytendur, afurða sem um getur í 1. gr. og sendar hafa verið frá einingunni eða athafnasvæðum eða geymsluaðstöðu fyrsta viðtakanda,
- þegar um er að ræða rekstraraðila sem ekki geyma eða meðhöndla slíkar afurðir, eðli og magn afurða sem um getur í 1. gr. og keyptar hafa verið og seldar, og birgja, og, þegar það eru aðrir aðilar, seljendur eða útflytjendur og kaupendur og, þegar það eru aðrir aðilar, viðtakendur.

Skriflega bókhaldið verður einnig að hafa að geyma niðurstöður sannprófunar við móttöku afurða og hvers kyns aðrar upplýsingar sem eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið krefst til þess að viðeigandi eftirlit geti farið fram.

Upplýsingar í bókhaldinu skulu studdar viðeigandi gögnum.

Bókhaldið verður að sýna hvert jafnvægið er á milli aðfanga og framleiðslu.“,

b) í stað fyrirsagnar 7. liðar komi eftirfarandi:

„7. **Innpökkun og flutningur afurða til annarra rekstraraðila eða eininga“,**

c) eftirfarandi 7. lið á skal bæta við á eftir 7. lið:

„7a. **Móttaka afurða frá öðrum einingum og öðrum rekstraraðilum**

Þegar rekstraraðili tekur við afurð, eins og um getur í 1. gr., skal hann kanna hvort pakkningar eða ílát séu lokuð, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem um getur í 7. lið, séu fyrir hendi. Rekstraraðilinn skal bera saman upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 7. lið, við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í skriflega bókhaldinu sem um getur í 6. lið.“,

d) eftirfarandi komi í stað 8. liðar:

„8. **Geymsla afurða**

Svæði til geymslu afurða skulu skipulögð þannig að tryggt sé að unnt sé að sanngreina framleiðslulotur og forðast blöndun við eða mengun frá afurðum og/eða efnum sem ekki eru í samræmi við þessa reglugerð. Afurðir, sem um getur í 1. gr., verður að vera unnt að rekja hvenær sem er.“,

3. sérákvæðin breytist sem hér segir:

a) í A-þætti falli sjötta málsgrein niður,

b) eftirfarandi komi í stað þáttar B:

„B. **Einingar þar sem tilreiðsla plöntu- og búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og búfjárafurðum fer fram**

Þessi þáttur gildir um allar einingar þar sem afurðir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eru tilreiddar, eins og skilgreint er í 3. mgr. 4. gr., fyrir eigin reikning eða þriðja aðila, nánar tiltekið:

- einingar þar sem slíkum afurðum er pakkað og/eða endurpakkað,
- einingar þar sem slíkar afurðir eru merktar og/eða endurmerktar.

1. *Fyrsta eftirlit*

Í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skal greina frá aðstöðunni sem notuð er til móttöku, vinnslu, þökkunar, merkingar og geymslu landbúnaðarafurða, bæði fyrir og eftir þá vinnslu sem þeim tengist, ásamt tilhögun flutninga afurðanna.

2. *Tilreiðslueiningar sem einnig meðhöndla afurðir sem ekki eru lifrænt ræktaðar*

Ef afurðir, sem ekki er getið í 1. gr., eru einnig tilreiddar, þeim pakkað eða þær geymdar innan viðkomandi tilreiðslueiningar:

- skulu vera aðskilin svæði í tíma og rúmi innan einingarinnar á athafnasvæðinu þar sem unnt er að geyma afurðir, sem um getur í 1. gr., fyrir og eftir vinnslu,
- skal vinnsla standa stöðugt yfir uns framleiðslulotunni hefur verið lokið að fullu á öðrum stað og tíma en samsvarandi vinnsla afurða sem falla ekki undir 1. gr.,
- skal tilkynna um slíka vinnslu fyrirfram og innan tímamarka sem eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið samþykkir komi hún ekki til framkvæmda reglulega eða á tilteknum degi,
- skal grípa til allra ráðstafana til að tryggja að unnt sé að bera kennsl á framleiðslulotur og forðast blöndun við eða skipti á afurðum sem ekki eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
- skal vinnsla afurða, sem er í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, aðeins fara fram eftir að framleiðslubúnaðurinn hefur verið hreinsaður. Kanna ber og skrá hversu skilvirkar hreinsunaraðgerðirnar eru.

3. *Innpökkun og flutningur afurða til tilreiðslueininga*

Söfnun á mjólk, eggjum og eggjaafurðum úr lifrænum búskap skal aðskilin söfnun afurða sem ekki eru framleiddar í samræmi við þessa reglugerð. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki eftirlitsaðila eða -yfirvalds er hægt að veita undanþágu og heimila að afurðum sé safnað samtímis þar sem viðeigandi ráðstafanir eru gerðar til að forðast alla blöndun við eða skipti á afurðum sem ekki eru framleiddar í samræmi við þessa reglugerð og til að tryggja auðkenningu afurða sem framleiddar eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Rekstraraðili hefur upplýsingar um söfnunardaga, -tíma og -leið og hvaða dag og hvenær dags tekið er við afurðunum sem eru tiltækar fyrir eftirlitsaðilann eða -yfirvaldið.“,

c) í E-þætti falli 6. liður niður.

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 592/2006
frá 12. apríl 2006****um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu
landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 frá 15. mars 2002 um breytingu á I., II. og VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum og um nákvæmar reglur varðandi sendingu upplýsinga um notkun koparefnasambanda⁽²⁾ er leyfi til notkunar á moltnuðu eða gerjuðu húsasorpi í lífrænum búskap framlengt um fjögur ár, með ýmsum notkunarskilyrðum, meðan beðið er hugsanlegrar endurskoðunar á þessum skilyrðum eftir að því tímabili lýkur með tilliti til hugsanlegrar nýrrar löggjafar Bandalagsins um húsasorp.

- 2) Fjögurra ára tímabilinu lýkur 31. mars 2006 og nýrri löggjöf Bandalagsins um notkun húsasorps hefur ekki enn verið komið á. Því er talið rétt að viðhalda leyfi til að nota moltnað eða gerjað húsasorp í lífrænum búskap með gildandi skilyrðum en án frekari tímatakmarkana.
- 3) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. apríl 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. apríl 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 198, 22.7.1991, bls.1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2005 (Stjórn. ESB L 307, 25.11.2005, bls. 10).

⁽²⁾ Stjórn. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 746/2004 (Stjórn. ESB L 122, 26.4.2004, bls. 10).

Nr. 125

24. janúar 2008

VIÐAUKI

Í tölfunni í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Áburðarefni og jarðvegsnæring) að því er varðar færsluna „Moltnað eða gerjað húsasorp“ er eftirfarandi felld brott: „Aðeins á tímabili sem lýkur 31.mars 2006“.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2008